

árinu sjálfu, sem taka eigi til greina, í samræmi við 2. lið greinarinnar, við álagning útsvars 1931, sem og nefndin hafi gert, eða þá ákveðið útsvar gerðarþola aðeins 500 kr. — Gjaldandinn eða gerðarþoli heldur því hinsvegar fram, að ákvæði 3. liðs oft-greindrar lagagreinar, um ástæður gjaldenda, „höpp“ og „óhöpp“ o. fl. einnig eigi við breyttar kringumstæður gjaldenda á því ári, sem álagning fer fram, sé hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd þá um það kunnugt, eins og átt hafi sér stað, að því er hann snertir sem gjaldanda.

Það er nú að visu eigi sérstaklega tekið fram í 3. lið, eins og í öðrum lið greinarinnar, að miðað sé við „síðastliðið ár“, en þetta er heldur eigi gert eða sagt í 1. gr. oftgreindrar lagagreinar, og þegar þess er gætt, að fyrr tilvitnuð útsvarslög ótvirætt innihalda stefnubreytingu í þessu tilliti, miðað við eldri útsvarslög, sem miklu fremur virðast hafa í öllu tilliti miðað við efni, tekjur og ástæður gjaldenda á því ári, er niðurjöfnun var gerð, enda niðurjöfnun samkvæmt hinum eldri lögum ákveðin í lok ársins, eða í nóvember ár hvert, en nú á tímabilinu frá febrúar — maí, virðast ákvæði 3. liðs aðeins verða skilin í samræmi við 2. lið greinarinnar, þannig að eingöngu sé miðað við efni og ástæður hlutaðeigandi gjaldanda næsta ár á undan niðurjöfnun og verður því krafa gerðarþola, um að ógilda álagning umrædds útsvars hans, sem á ólögmætum grundvelli framkvæmda, eigi tekin til greina, og þykir því rétt vera að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Miðvikudaginn 25. jan. 1933.

Nr. 180/1932. **Valdstjórnin** (Bjarni P. Johnson)

gegn

Hafliða Gíslasyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot g. l. um notkun bifreiða og l. um dýraverndun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. okt. 1932: Kærði, Hafliði Gíslason, sæti einföldu fangelsi í 15 daga. Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið í eitt ár frá upp-

kvaðningu dóms þessa og greiða allan kostnað sakarinnar, H/f. Fiskimjöl, Reykjavík, greiði Guðmundi Sæmundssyni, Eyði-Sandvík, kr. 274,00 í iðgjöld innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Kærði, tempraði ekki ökuhraðann eins og þurfti, og ástæða var til, þá er hann ætlaði að aka framhjá hrossunum á ferð þeirri, sem í hinum áfrýjaða dómi segir. Hefir hann þar með brotið 1. málsgrein 6. gr. laga nr. 70 frá 8. sept. 1931. Kærða var það ennfremur vitanlegt, að eitt af hrossunum hafði fótbrotnað sakir árekstrar bifreiðar hans á það, og var honum skylt að segja til þess svo fljótt sem þess var kostur. Hefir kærði með vanrækslu sinni í því efni brotið skyldu þá, er bifreiðarstjórum er á herðar lögð með fyrirmælum 2. málsg. 9. gr. nefndra laga. Loks hefir kærði með áðurnefndri vanrækslu sinni gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 34 frá 3. nóv. 1915. Þykir refsing kærða fyrir brot þessi hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Samkvæmt framansögðu þykir rétt, að svifta kærða samkvæmt 4. málsg. 5. gr. laga nr. 70/1931, rétti til að stjórna bifreið í eitt ár frá uppkvaðningu héraðsdómsins, eins og í honum segir. Svo ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Loks verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Af hálfu verjanda fyrir hæstarétti hefir komið fram krafa um niðurfærslu skaðabóta þeirra, sem eiganda bifreiðarinnar var í héraðsdómi gert að

greiða eiganda hrossanna. Af hálfu bifreiðareigandans, sem samþykkti að dómur yrði lagður á greiðsluskyldu hans í refsimálinu á hendur kærða, hefir málinu ekki verið áfrýjað, né heldur hefir bifreiðareiganda verið stefnt af hálfu valdstjórnarinnar, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar. Ákvæði héraðsdómsins um þetta atriði liggja því ekki fyrir hér til úrlausnar, og verður því ekki dæmt um niðurfærslukröfur verjandans á skaðabótakröfunni.

Því dæmist rétt vera :

Kærði, Hafliði Gíslason, greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um missi réttar kærða til að stjórna bifreið og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Sveinbjarnar Jónssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Hafliða Gíslasyni, bilstjóra, til heimilis að Brekkustíg 6 B. hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931, um notkun bifreiða og lögum nr. 34, 1915, um dýraverndun.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 17. september síðastliðinn ók kærði bifreiðinni R.E. 804 héðan úr bænum með fólk úr Leikfélagi Reykjavíkur austur að Eyrarbakka. Aðfaranótt sunnudagsins gisti fólk þetta í Tryggvaskála við Ölvesá, en um nóttina fengu 4 menn úr flokknum kærðan til að aka þeim niður að Eyrarbakka í bifreiðinni, og var klukkan um eitt eftir miðnætti, er farið var frá Ölfusá og því dimmt af nóttu.

Er kærði var kominn um það leyti miðja vegu niður að Eyrarbakka, voru 5 eða 6 hross hægra megin á veginum. Taldi kærði sig hafa nóg pláss til þess að aka fram hjá þeim vinstra megin og sér því óhætt að aka áfram. Er kærði síðan var kominn rétt að hrossahópnum á 30—35 kílómetra hraða, að því er kærði telur, hlupu hrossin allt í einu inn á veginn til vinstri. Bremsaði kærði þá þegar, en tókst þó ekki að forða árekstri, og urðu hrossin fyrir bilnum, og hrasaði eitt þeirra við áreksturinn fyrir framan bílinn. Stöðvaðist nú bíllinn, og fór kærður út úr og aðgætti, hvort hrossin hefðu meiðst. Sá kærði þá, að eitt hrossið hafði fótbrotnað, og var það annað hross en það, sem aðallega hafði orðið fyrir bilnum, en frekari meiðsla kveðst hann ekki hafa orðið var, enda hafi hann ekki athugað það náið. Á bifreiðinni urðu ekki aðrar skemmdir en þær, að glerið brotnaði á annari fram-lugtinni

Er nú kærði hafði gengið úr skugga um fyrrgreind meiðsl á einu hrossinu, ók hann burtu án þess að gera nokkuð til að hjálpa skepnunni, og lét engan vita, hvernig komið var, enda þótt honum væri það innan handar án minnstu fyrirhafnar þar sem hann nú ók niður að Eyrarbakka. Vissi því enginn um slys þetta fyrr en um klukkan 8 morguninn eftir, að bifreið austan úr Holtum ók um veginn niður að Eyrarbakka. Fundu þá menn þeir, er í bilnum voru, móbrúnt tryppi á veginum, bógbrotið rétt fyrir ofan hné. Gerðu þeir aðvart um þetta og komu þá menn á vettvang og aflífuðu tryppið, en þá kom í ljós við athugun, að brúnn hestur, sem þarna var rétt hjá, var lærbrotinn, svo að einnig varð að drepa hann. Bæði þessi hross voru eign sama mannsins, Guðmundar Sæmundssonar í Eyði-Sandvík, og þykir ekki þurfa að efa eftir því,

sem fyrir liggur í málinu, að þau hafi bæði hlotið meiðslin af bifreið kærðs umrætt skipti.

Þarna á veginum fundust brot úr bifreiðarlugtargleri og jafnframt upplýstist það, að lugtargler hafði brotnað úr bifreið kærðs. Af þessu og því, að kærði hafði ekið þessa leið, féll grunur á hann, og var hann því tekinn til yfirheyrslu hinn 20. september s. l. og játaði kærði þá eftir langt samtal, að slysið hefði orðið með þeim hætti, er að framan greinir. Hafa menn þeir, er í bilnum voru með kærðum er slysið vildi til, verið yfirheyrðir undir rannsókn málsins, en enginn þeirra kvaðst hafa orðið slyssins var.

Með athæfi því, sem að framan er lýst, hefir kærði að áliti réttarins brotið gegn 6. gr. 1. og 2. málsg., sbr. 14. gr., og 9. gr. 2. mgr., sbr. 5. gr. 4. mgr., og 14. gr. laga nr. 70, 1931, um notkun bifreiða og 1. gr. laga nr. 34, 1915, um dýraverndun.

Er ákveða skal refsingu kærðs ber að líta á það, hvílíka þjáningu hann hefir bakað skepnunum með skeytningarleysi sínu, og að hann eigi aðeins vanrækti skyldu sína um þegar að tilkynna slysið, heldur reyndi einnig í það ítrasta að dyljast þess. Að þessu athuguðu þykir refsing kærðs, sem ekki hefir áður sætt refsingu fyrir brot gegn bifreiðarlögunum eða dýraverndunarlögunum, hæfilega ákveðin 15 daga einfalt fangelsi. Þá verður og að svifta hann leyfi til að stjórna bifreið í eitt ár frá uppkvaðningu dóms þessa. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Eigandi hrossanna, Guðmundur Sæmundsson í Eyðisandvík, hefir undir rekstri málsins krafizt þess, að eigandi bifreiðarinnar R.E. 804, h/f. Fiskmjöl í Reykjavík, verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 274,00 í skaðabætur fyrir umrætt tjón. Hefir h/f. Fiskimjöl látið mæta í málinu vegna kröfunnar og krafizt sýknu með því, að félagið sé ekki lögum samkvæmt bótaskyldt í þessu tilfelli. En með því að ekki verður með tilvisun til framánritaðs álitið, að kærði hafi sýnt fulla varkárni, er slysið vildi til, og kröfunni hefir ekki verið andmælt sem of hárrí, þá verður samkvæmt 16. gr. bifreiðalaganna að fallast á kröfu þessa og dæma h/f. Fiskimjöl til þess að greiða

Guðmundi Sæmundssyni í Eyði-Sandvík kr. 274,00
skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 133/1932. **Réttvísinn** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðmundi Sigurðssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. 212. og 186. gr. h. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. febrúar 1932: Ákærður, Guðmundur Sigurðsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Hann greiði frú Kerff 597 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist mega gera ráð fyrir því, að ákærði hafi hegðað sér vel og þrúðmannlega yfirleitt þar til hann framdi brot það, sem í þessu máli greinir.

Hann bauð þegar fram ríflegar skaðabætur til konu þeirrar, sem fyrir árás hans varð, og hefir samkvæmt óvæfengdri skýrslu verjanda síns hér fyrir dómi, greitt þær að fullu. Af þessum ástæðum þykir mega ákveða, að framkvæmd refsingar þeirrar, sem ákærða er dæmd í hinum áfrýjaða dómi, skuli fresta og að hún skuli niður falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin. Með þessum viðauka þykir mega staðfesta hinn